

From: Jóhanna Sigurjónsdóttir <johanna.sigurjonsdottir@srn.is>
Sent: föstudagur, 27. mars 2020 16:34
To: Jóhanna Sigurjónsdóttir <johanna.sigurjonsdottir@srn.is>
Subject: Áriðandi: Ákvörðun samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra varðandi skil á ársreikningum sveitarfélaga

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið vekur athygli á eftirfarandi:

Birt hefur verið í Stjórnartíðindum auglýsing um ákvörðun samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra varðandi skil á ársreikningum sveitarfélaga. Öllum sveitarstjórnnum er nú heimilt að taka eftirfarandi ákvarðanir varðandi skil á ársreikningum sveitarfélaga fyrir árið 2019, sem fela í sér tímabundin frávík frá skilyrðum ákvæða 3. og 4. mgr. 61. gr. og 2. mgr. 76. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011:

1. Um að ársreikningur verði fullgerður og samþykktur af byggðarráði eða framkvæmdastjóra sveitarfélags þar sem ekki er byggðarráð, og tilbúinn til endurskoðunar og afgreiðslu í sveitarstjórn fyrir 15. maí 2020 í stað 15. apríl sama ár.
2. Um að ljúka staðfestingu ársreiknings sveitarfélags, stofnana sveitarfélags og fyrirtækja þess fyrir 15. júní 2020 í stað 15. maí sama ár.
3. Um að senda ráðuneytinu og Hagstofu Íslands ársreikning sveitarfélags, ásamt skýrslu endurskoðanda, fyrir 20. júní 2020 í stað 20. maí sama ár.

Heimild þessi gildir til 20. júní 2020.

Auglýsingin er birt með vísan í VI. bráðabirgðaákvæði sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011, sem kveður á um að ráðherra geti veitt sveitarstjórnnum tímabundna heimild til að víkja frá tilteknum ákvæðum sveitarstjórnarlaga til að sveitarstjórn sé starfhæf við neyðarástand og til að auðvelda ákvarðanatöku. Þetta er gert til að bregðast við aðstæðum sem skapast hafa vegna Covid-19 kórónaveirufaraldursins.

- Auglýsing um ákvörðun samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra varðandi skil á ársreikningum sveitarfélaga, nr. 267/2020
- Lög um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 138/2011 (neyðarástand í sveitarfélagi)

Bestu kveðjur,

Jóhanna Sigurjónsdóttir



Jóhanna Sigurjónsdóttir, sérfræðingur / Special Adviser
Skrifstofa sveitarfélaga og byggðamála / Department of Local Government and Regional Affairs
Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti / Ministry of Transport and Local Government
Sölvhólsgrötu 7, 101 Reykjavík, Iceland
Sími / Tel: (+354) 545 8200
www.samgonguraduneyti.is - [Fyrirvari/Disclaimer](#)

